

Skipulagsstofnun
b/t Egill Þórarinnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 9. júlí 2019
UST201906-245/R.K.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum -Matsskyldufyrirspurn- Vetnisstöð á Hellisheiði Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 18. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Ráðgert er að nýta raforku sem framleidd er í Hellisheiðarvirkjun á lágannatímum þegar eftirspurn eftir rafmagni er lág (t.a.m. á næturnar) í að framleiða vetni með rafgreiningu. Afurðina er hægt að nýta sem eldsneyti. Fyrirhugað er að setja upp vetnisstöð í Tæknigörðum við Hellisheiðarvirkjun og að áfyllingastöðvar verði staðsettar á Vesturlandsvegi í Reykjavík, Fitjum í Reykjanesbæ og við Miklubraut (bls. 3).

Umfang framleiðslunnar er áætlað að hámarki rúm 93.000 kg af vetni árið 2022 en á þróunarstigi verkefnisins gerir rekstraraðili ráð fyrir framleiðslu frá rúmunum 14.000 kg af vetni strax árið 2019 upp í rúm 57.000 kg árið 2021 (sjá töflu bls. 11). Fram kemur í greinargerð að: „*Fyrstu árin verður tíðni áfyllinga einungis nokkur fleti á mánuði*“ (bls. 9) en vetnisfleti eru þrýstihylki sem vetninu er þjappað inn í.

Starfsleyfi

Vetnisframleiðsla fellur undir lið 4.2. í I. viðauka í lögum nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og er starfsemin því starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun. Í 2. gr. reglugerðinnar kemur fram um gildissvið reglugerðarinnar að: „*Reglugerðin gildir ekki um rannsóknarstarfsemi, þróunarstarf eða prófanir á nýjum vörum og vinnsluferlum sem falla undir I. viðauka.*“ Einnig er ákvæði sama efnis í 2. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá segir í greinargerð að hér sé um er að ræða þróunarverkefni Orku náttúrunnar (ON) sem skal lokið 2022 (bls. 3). Ef áformað er að framleiða vetni og setja á markað telur

Umhverfisstofnun að þegar slík framleiðsla og sala hefst sé þróunarfasa verkefnisins lokið og starfsemin háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á að um er að ræða rafgreiningu sem er þekkt tækni og gerir stofnun því ekki ráð fyrir að þróunartíminn sé þrjú ár. Ef vel tekst til og framleitt verður vetni til sölu sem eldsneyti, líkt og áform eru um og sjá má í töflu 6.2 í greinargerð, telur Umhverfisstofnun að ekki sé lengur um að ræða þróunarstarf heldur framleiðslustarfsemi. Að mati stofnunarinnar er heimilt að skilgreina starfsemina sem þróunarstarf fyrst um sinn, á meðan enn er verið að stilla og aðlaga tækjabúnað en gefa þarf út starfsleyfi áður en full framleiðsla hefst í stöðinni þar sem framleiðsla á vetni er starfsleyfisskyld starfsemi skv. lögum líkt og áður sagði.

Umhverfisstofnun telur rétt að ON sækji um starfsleyfi fyrir framleiðslunni með góðum fyrirvara og bent er á að málshraði starfsleyfisvinnslu hjá stofnuninni er áætlaður 240 dagar.

Mat á umhverfisáhrifum og skipulag

Umrædd framkvæmd vetnisstöðvar fellur í B-flokk framkvæmda undir lið 13.04 sem breytingar og viðbætur við framkvæmdir Hellisheiðarvirkjunar í A-flokki sem fór í mat á umhverfisáhrifum 2003-2004 og svo vegna stækkunar árið 2005-2006.

Með umræddri vetnisframleiðslu fæst á markað meira af umhverfisvænna eldsneyti sem felur í sér minni losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum. Raforka sem nýtt er fyrir vetnisframleiðsluna er umframorka út Hellisheiðarvirkjun og kalda vatnið sem nýtt er verður tekið úr vatnsveitu jarðvarmavirkjunarinnar skv. greinargerð (bls. 13). Losunin frá stöðinni verður í formi súrefnis sem losnar við rafgreiningu vetnisins en úrgangsmyndun er lítil við framleiðsluna. Umhverfisstofnun bendir á að umhverfisáhrifin felast einkum í mikilli vatns- og orkunotkun. Á rafspennana þarf kæliolíu og nota þarf KOH-lútarlausn sem rafgreiningin fer fram í. Á gasþjöppu þarf einnig olíu og útbúa þarf safnkar undir spenninum til að taka á móti mögulegum olíulekum. Endurnýja þarf olíu og lút öðru hvoru. Auk þess er gerð grein fyrir síukerfi. Hávaði frá starfseminni verður 50 dB í 5 m fjarlægð vegna viftanna í rafgreininum. Í viðauka með reglugerð nr. 724/2008 um hávaða eru viðmiðunarmörk hávaða við húsvegg á iðnaðar- og athafnasvæði 70 dB.

Umhverfisstofnun telur að fram eigi að koma hversu mikið vatn þarf við framleiðslu vetnisins á rannsóknarstigi sem og áætluð vatnsmagnsþörf við hámarksframleiðslu 2022 (bls. 9).

Árið 2018 var unnin breyting á deiliskipulagi Hellisheiðarvirkjunar og var skilgreindur byggingarreitur fyrir vetnisstöðina á lóðinni skv. greinargerð (bls. 12). Sú breyting felur í sér stækkun á byggingarreitum sem nemur vetnisstöðinni. Ekki er um að ræða stækkun á mörkum skipulagssvæðis og eru byggingarskilmálar óbreyttir. Ráðgert er að byggja vetnisstöðina að hluta til inn í jarðvegsmön sem fyrir er og er því sýnileiki lítill frá Suðurlandsvegi. Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í greinargerð um að áhrif

framkvæmdar á umhverfisþætti hvað varðar uppsetningu stöðvar og áhrif á ásýnd svæðis séu óveruleg m.t.t. núverandi nýtingar þar um er að ræða skilgreint iðnaðarsvæði. Umhverfisstofnun bendir á að umrætt breytt deiliskipulag hefur ekki verið uppfært á vefsíðu Skipulagsstofnunar. Stofnunin bendir á að skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Niðurstaða

Greinargerð matsskyldufyrirspurnar er fremur stutt en í viðaukum má finna frekari upplýsingar og fylgiskjöl, m.a. starfsleyfi heilbrigðisnefndar, tæknilegar útfærslur framkvæmdarinnar, áhættumat og öryggisráðstafanir vetnisstöðvarinnar. Umhverfisstofnun telur greinargerðina heilt yfir heldur ónákvæma og bendir á að viðaukanir eru rangt merktir. Þá er viðauki 4 nefndur *Deiliskipulag* en ekkert deiliskipulag fylgdi viðauka greinargerðar heldur einungis teikningar af fyrirhugaðri vetnisstöð. Gera má ráð fyrir því að Umhverfisstofnun kalli eftir ítarlegri gögnum við starfsleyfisgerð, m.a. um vatnspörf starfseminnar og skipulag svæðisins.

Við mat á því hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum metur Umhverfisstofnun umfang, eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar á umhverfið. Hér er um er að ræða framkvæmd sem lítil mengunarhætta starfar af og er innan skipulagðs iðnaðarsvæðis jarðvarmavirkjunar og því ekki hætta á raski á hrauni og gróðri utan þess svæðis sem deiliskipulagið nær til. Umhverfisstofnun telur því áhrif stöðvarinnar á umhverfisþætti vera óveruleg m.t.t. núverandi og áætlaðrar nýtingar svæðisins.

Umhverfisstofnun telur ofangreinda framkvæmd vetnisstöðvar ekki líklega til að valda umtalsverðum áhrifum og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Rakel Kristjansdóttir
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sigurður Ingason
sérfræðingur